

Áfangalýsing

DANS2BM05AT

Tjáning, lestur og menning

Námsgrein: Danska

Einingar

5

Hæfniprep

2

Lýsing

Í þessum byrjunaráfanga í dönsku er áhersla lögð á að nemendur verði vel læsir á flóknari texta en áður. Þeir verða þjálfaðir í að tileinka sér orðaforða, tjá hugsun sína skýrt í ræðu og riti og rökstyðja skoðanir sínar. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Lesnir eru fjölbreyttir textar, bæði bókmenntatextar og sérhæfðari og flóknari textar en áður, en einnig unnið með lestur eftir áhugasviði nemenda. Lögð er áhersla á að nemendur beri ábyrgð á eigin námsframvindu og séu meðvitaðir um mismunandi aðferðir til að tileinka sér tungumál. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð.

Forkröfur: C+ eða hærrí einkunn í dönsku í grunnskóla eða 5 einingar á 1. hæfniprepi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu menningarsvæðum þar sem danska er notuð sem móðurmál eða fyrsta mál
- þverfaglegum orðaforða til undirbúnings og markvissrar notkunar í námi
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður sem og skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál
- lesa margs konar gerðir texta, ekki síst fræðitexta og taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi
- beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð texta eða viðfangsefnis
- tjá sig skýrt, munnlega og skriflega um málefni sem hann hefur kynnt sér

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, fjölmiðlaefni, inntak erinda, fræðigreinar og annað flóknara efni
- skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna sem hann þekkir vel til
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra
- átta sig á dýpri merkingu í texta
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og eiga frumkvæði í samræðum
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt við margs konar aðstæður
- skrifa læsilegan texta um sérvalið efni frá eigin brjósti þar sem hugmyndaflug getur fengið að njóta sín
- skrifað margs konar texta og fylgt þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig

Námsmat

Námsmat er skilgreint í námsáætlun í samræmi við skólanámskrá og nánar útfært í verklagsreglum skólans sem birtar eru í gæðahandbók.

Grunnþættir og lykilhæfni

Í skólanámskrá Tækniskólans má sjá hvernig grunnþættir menntunar og lykilhæfni fléttast inn í allt nám og starf í skólanum. Áfangalýsingar eru nánar útfærðar í námsáætlunum og þar kemur fram hvernig grunnþættirnir fléttast inn í námið í viðkomandi áfanga.